

# Lokapróf Rymans

## MYNDLIST

Gallerí Skuggi

MÁLVERK  
VALGARÐUR GUNNARSSON

**Opið 13-17 frá fimmtudegi til  
sunnudags. Sýningu lýkur 23. ágúst.**

Hafnarborg

MÁLVERK  
GUÐBJÖRG LIND JÓNSDÓTTIR  
ANNA JÓELSDÓTTIR

**Opið frá klukkan 11-17.  
Lokað á þriðjudögum.  
Sýningum lýkur 8. september.**

ÞVÍ HEFUR lengi verið haldið fram, sérstaklega af hálfu abstraktmálara, að málverk beri að skoða óháð öllu öðru (autonomous) og að það sé heimur út af fyrir sig. Man ég t.d. eftir viðtali sem Robert Storr listfræðingur tók við bandaríska málaram Robert Ryman, þar sem listamaðurinn segir að lokapróf málverksins sé þegar myndin stendur ein og sér, án nokkurs annars. Ryman er málari þekktur fyrir að leggja áherslu á áferðina eina og sér, þ.e. að hann sniðgengur alla myndræna túlkun og formfræði og skapar hreinan strúktúr á yfirborði flatarins. Þykir mér vert að hugsa um aðferð Rymans og áður nefnda fullyrðingu í samhengi við sýningu Valgarðs Gunnarssonar í Gallerí Skugga.

### Engar sardínur

Valgarður er kunnur málari hér á landi og hefur unnið bæði abstrakt og figúratíf málverk. Hann leggur jafnan áherslu á strúktúr á myndfletinum. Vinnubrögðin eru nostursamleg og „medíteruð“. Hann ýmist malar og skefur olíulitinn í stuttum handtökum og því virka myndirnar mynsturkenndar. Efnid er lagskipt, litir fela sig undir öðrum og gægjast á milli gata. Af þeim sökum eru myndirnar aldrei flatar. Efniskenndin gefur myndunum líka dýpt og áþreifanleika.

Á sýningunni í Gallerí Skugga eru myndir þar sem listamaðurinn tekur m.a. fyrir þjóðleg málefni. Má þar nefna virkjunarmál eins og í myndunum „13. nótt við Kárahjúka“, „Gjörningur“ og „Orkustöðvar“. Listamaðurinn vinnur frjállega með umfjöllunarefnið og leyfir efni og aðferð að taka yfirhöndina, þ.e. að umfjöllunarefnið liggur ekki ljóst fyrir sýningargestum nema að rýnt sé í verkin í samhengi við titla þeirra.

Bandaríska „Bít-nikk“ skáldið Frank O'Hara greinir frá því í ljóði frá árinu 1956, sem nefnist „Why I am not a painter“, þegar vinur hans, málariinn Mike Goldberg, er í óða önn að mála mynd af sardínunum sem veitir O'Hara innblástur í 12 síðna ljóðabálk. Þegar skáldið sér svo málverkið á sýningu nokkrum mánuðum síðar er Goldberg búinn að mála yfir sardínurnar, en málverkið heitir samt sem áður „Sardínur“. Nálgunin kann sem sagt að hverfa í sköpunarferlinu og eftir er bara mynd sem stendur eða fellur eins og fullyrðing Rymans segir til um. Þannig er það með verk Valgarðs, þau snerta mann hvort sem maður rýnir í flötinn einan eða setur myndefnið í samhengi við umfjöllunarefni.

### Heilagt rými


Lokapróf Rymans er ekki einsdæmi á meðal listamanna og hafa margir sett fram samskonar yfirlýsingar. Þykir mér þetta þó athyglisverð fullyrðing komin frá Ryman í ljósi þess að málverk hans eru gjarnan rýmis-tengd, þ.e. hvít mónókróm í hvítu rými, sem stundum falla slétt að veggnum og oft mynda mörg málverk saman eitt verk sem er auðvitað hrein rýmispæling. Hlýtur Ryman því að sjá rýmið sem hluta af þessum sjálfráða heimi málverksins. Ef við stöndum í lokuðu her-



Árfarvegur, 130x180 cm. Olíumálverk eftir Guðbjörgu Lind Jónsdóttur í Hafnarborg.



Verkið Palamus (Thalamus) 170x170 cm á sýningu Valgarðs Gunnarssonar er nefnt eftir líffæri heilans sem tekur á móti boðum skynfæranna.



Málverk Önnu Jólensdóttur, Hrun, 152x117 cm.

bergi, t.d. í listsýningarsal, þá sjáum við aðeins um einn milljarðasta af því sem skynfæri okkar hafa kost á að nema, að talið er. Við kunnum nefnilega að skynja ýmislegt í rýminu sem heilinn

vinnur ekki endilega úr. Og svo ég leyfi mér kannski að oftúlka svolítið þá má vel lesa þessa staðreynd í verkum Valgarðs, eins og „Brjóstvitinn“ og „Palamus (Thalamus)“, en thalamus er einmitt líffæri í

míðjum heilanum sem tekur á móti boðum frá skynfærnum. Málverk, eitt eða mörg, hafa áhrif á rýmið, skapa þar andrúmsloft, þótt þau standi líka hvert og eitt sem tvívíð mynd sem hægt er að skoða. Að ganga t.d. inn í aðalsýningarsal Hafnarborgar og líta yfir sýningu Guðbjargar Lindar Jónsdóttur er eins og að ganga í kirkju eða hof. Myndirnar skapa þungt og róandi andrúm í salnum og viss lotning líður yfir mann.

Þótt málverk Guðbjargar séu ekki óhlutbundin þá eru þau í anda lítaflæmismálverka (Colour field) eftirstríðsáranna, Barnett Newman, Mark Rothko o.fl., sem voru fyrirrennarar Roberts Rymans. Newman og Rothko litu á málverk sín sem hlut frekar en mynd og höfðu skýrar hugmyndir um það hvernig málverkin ættu að hanga í sýningarsal svo þau gleyptu í sig rýmið. Newman og Rothko leituðu að heilagleika eða guðdómleika í listsköpun sinni sem mér sýnist Guðbjörg einnig gera. Hún malar landslag, víðáttur þar sem horft er yfir úteyjur og árfarvegi og svo fossa sem buna niður myndflötinn. Guðbjörg hefur fengist við slík móttíf í allnokkur ár. Það sem mér finnst hafa breyst hjá henni frá síðustu árum er mistrið og dulúðin sem gefur verkunum dálítið trúarlegan blæ og þær eru mýkri á að líta. Þau minna reyndar á verk Georgs Guðna Haukssonar, en efnistöð þeirra eru samt gerólk og reyndar landslags-móttífir líka.

### Létt, bjart og hálf-figúratíft

Undir aðalsal Hafnarborgar er Sverrissalur. Þar sýnir Anna Jólensdóttir málverk undir yfirskriftinni „Flökt“. Anna hefur nýlokið MFA-námi í akademíunni í Chicago og er þetta fjórða einkasýningin hennar. Í verkunum blandar listakonan saman málningu, málningarteipi og blekteikningum á striga. Þetta eru létt, björt og – ég stenst ekki að nota orðið – „krúttileg“ verk. Málverkunum er raðað misjafnlega á veggina og er listakonan því meðvitað að vinna með rýmið. Jafnframt hafa verkin tilvísun í arkitektúr-teikningar og virðast sem útflattar þrívíddarmyndir, eins og t.d. heimskort eða borgarkort. Verkin eru er kaotísk og ósjálfráð en þó skapast einhver regla í línu- og fjarvíddarteikningum. Þetta eru abstrakt myndir sem virka hálf-figúratífar, nokkuð í ætt við pop-surrealista. André Masson og Roberto Matta koma mér í hug og líka Öyvind Fahlström, sem var sér á báti í popplíttinu og hefði eflaust sómt sér ágætlega á meðal málara samtímans. Þetta eru hin prýðilegustu verk hjá þessari ungu listakonu sem sannarlega standast lokapróf Rymans.

Jón B.K. Ransu